

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn



Hluthafastefna Frjálsa lífeyrissjóðsins

Hluthafastefna Frjálsa lífeyrissjóðsins

Gildissvið

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni.

Hluthafastefna Frjálsa lífeyrissjóðsins á fyrst og fremst við um innlendar skráðar fjárfestingar. Markmið hluthafastefnu þessarar er að skilgreina þær kröfur sem sjóðurinn gerir að jafnaði til þeirra félaga sem hann fjárfestir í ásamt því að auka gagnsæi sjóðsins sem hluthafi og stuðla að trúverðugri aðkomu lífeyrissjóðsins að viðkomandi félögum.

Framkvæmdastjóri sjóðsins, sem stjórn ræður til starfa stýrir daglegum rekstri sjóðsins. Arion banki hf. (hér eftir nefndur „rekstraraðili“) annast framkvæmd daglegs reksturs sjóðsins í samráði við og, eftir atvikum, eftir fyrirmælum framkvæmdastjóra sjóðsins.

Samkeppnissjónarmið

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að félög sem sjóðurinn á eignarhluti í eigi að jafnaði í virkri samkeppni á viðkomandi markaði. Sjóðurinn gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlutum í félögum á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu af hálfu sjóðsins.

Sjóðurinn styður ekki framboð sama stjórnarmanns til stjórnarsetu í stjórn tveggja félaga á sama markaði. Til viðbótar koma fram frekari kröfur hér fyrir neðan er varða stjórnarkjör og samskipti við stjórn og stjórnendur þeirra félaga sem falla undir stefnu þessa.

Hluthafafundir

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins skipar valnefnd sem m.a. hefur það hlutverk að taka ákvörðun um hvort og með hvaða hætti atkvæðum sjóðsins er ráðstafað á hluthafafundum. Nefndin yfirfer tillögur sem leggja á fyrir hluthafafundi félaga sem falla undir stefnu þessa, tekur afstöðu til þeirra og metur hvort þær samrýmast hagsmunum lífeyrissjóðsins. Almennt munu tillögur vera studdar að því gefnu að þær teljist vera til hagsbóta fyrir viðkomandi félag og í samræmi við stefnu þessa.

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum félaga sem falla undir stefnu þessa nema stjórn sjóðsins ákveði annað. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að veita öðrum aðila umboð til að fara með atkvæðisrétt sjóðsins.

Sjóðurinn mun gera aðgengilegar upplýsingar um hvernig sjóðurinn greiddi atkvæði á hluthafafundum þeirra félaga sem falla undir stefnu þessa og eru skráð eru á hlutabréfamarkaði.

Val og kröfur til stjórnarmanna

Frjálsi lífeyrissjóðurinn gerir almennt ekki tillögu um stjórnarmenn fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar fer fram. Ákveði sjóðurinn að leggja fram slíka tillögu mun valnefnd sjóðsins taka ákvörðun um hvaða einstaklinga sjóðurinn styðji til stjórnarsetu í viðkomandi félagi. Slíkt val byggir á faglegu ferli þar sem horft er m.a. til þekkingar og reynslu einstaklinga ásamt samsetningu stjórnar hjá viðkomandi félagi.

Stjórnarmenn og starfsmenn Frjálsa lífeyrissjóðsins og starfsmenn rekstraraðila sem bjónusta sjóðinn taka að jafnaði ekki sæti í stjórnum félaga í umboði lífeyrissjóðsins.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn gerir kröfu um að stjórnarmenn í félögum sem falla undir stefnu þessa starfi í samræmi við góða stjórnarhætti, séu sjálfstæðir í störfum sínum og hafi ætlið hagsmuni viðkomandi félags að leiðarljósi.

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að stjórn félaga sem falla undir stefnu þessa starfi í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og gæti að því að jafnvægi sé á milli langtímahagsmuna félagsins og að hámarka virði þess.

Samskipti við stjórnamenn og stjórnendur

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur ekki afskipti af stjórnarstörfum einstaklinga eftir að þeir hafa verið kosnir í stjórn þeirra félaga sem falla undir stefnu þessa. Sjóðurinn leggur áherslu á að sjálfstæði stjórnamanna sé virt sem og þagnar- og trúnaðarskylda sem á þeim hvílir.

Ef lífeyrissjóðurinn þarf að eiga samskipti við stjórn og/eða stjórnendur félags skal það gert í samræmi við verklagsreglur viðkomandi félags. Gæta þarf að slík samskipti séu í samræmi við ákvæði samkeppnislag og reglur um meðferð innherjaupplýsinga.

Telji sjóðurinn ástæðu til að gera athugasemdir við verklag félags þar sem hann er hluthafi mun hann koma ábendingum þar um á framfæri þess efnis. Sé ekki brugðist við slíkum ábendingum kann sjóðurinn að gera grein fyrir afstöðu sinni á hluthafafundi eða með öðrum hætti.

Starfskjör

Við ákvörðun um starfskjör starfsmanna og stjórnamanna þeirra félaga sem falla undir stefnu þessa á að gæta hófs og líta m.a. til stærðar og umfangs félagsins svo og þeirra starfskjara sem ætla má að bjóðist almennt á þeim markaði sem viðkomandi félag starfar á.

Árangurstengdar greiðslur og/eða valréttir þurfa að hafa skýr og mælanleg markmið og hafa langtímahagsmuni hluthafa að leiðarljósi.

Sjóðurinn gerir þá kröfu að starfskjara stefna félaga uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Endurskoðun og birting

Stefna þessi er endurskoðuð af stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins eftir því sem tilefni er til. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á stefnu þessari í samráði við stjórn og starfsmenn sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins. Stefnan er gerð aðgengileg á vef sjóðsins.

Samþykkt á stjórarfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins 14. desember 2022.

Frjálsi

lífeyrissjóðurinn

Borgartún 19, 105 Reykjavík | 444 7000 | frjalsi@frjalsi.is | Arion appið | Netspjall og Mínar síður á frjalsi.is